

Fundur í svæðisráði Vatnajökulspjóðgarðs - vestursvæði haldinn á Laugalandi, 18. janúar, 2011, klukkan 16.00.

Mætt: Elín Heiða Valsdóttir, Sigurður Skúlason, Erla Ívarsdóttir, Leifur Þorsteinsson, Eydís Þ. Indriðadóttir svæðisráði, Snorri Baldursson þjóðgarðsvörður og Þórður Ólafsson framkvæmdastjóri. Ólafía Jakobsdóttir og Sigurður Skúlason boðuðu forföll. Hulda Eggertsdóttir APS og Ingibjörg Sveinsdóttir formaður umhverfis og náttúruverndarnefndar Ásahrepps undir lið 5 og 6.

1. Fundargerð síðasta fundar, yfirfarin og samþykkt.

2. Rekstraráætlun Vestursvæðis árið 2011 –

Snorri Baldursson og Þórður Ólafsson fóru yfir rekstraráætlun ársins 2011 og forsendur hennar. Gert er ráð fyrir 4 landvarðamánuðum til viðbótar við það sem var á árinu 2010. Heildarrekstrarkostnaður er áætlaður 38.500 þús. Ekki er gert ráð fyrir neinum sértekjum á Vestursvæðinu, enþá. Skoða þarf fyrirkomulag frekara samstarfs við þjónustuaðila í Hrauneyjum. Þjóðgarðsverði og formanni svæðisráðs, falið að ræða við rekstraraðila þar.

3. Framkvæmdaáætlun Vestursvæðis árið 2011.

Farið yfir tillögu þjóðgarðsvarðar að framkvæmdaáætlun. Nokkrar breytingar gerðar en áætluninni verður lokað á þar næsta stjórnarfundum.

4. Tillaga að aðgerðaráætlun til næstu 4 ára.

Farið yfir drög að aðgerðaráætlun til næstu 4 ára. Lögð fram til kynningar. Athugasemdum og ábendingum þarf að koma til þjóðgarðsvarðar, fyrir næsta fund.

5. Tækifæri til atvinnueflingar í tengslum við Vatnajökulspjóðgarð.

Rætt um atvinnustefnu þjóðarðsins og svæðisfundum sem áætlað voru 25. mars. Ákveðið að færa þá fram til 16. mars. Þeir verða haldnir á Laugalandi klukkan 15.00 – 17.00 og á Kirkjubæjarklaustri klukkan 20.30 – 22.30. Hulda Eggertsdóttir, kynnti starfsemi APS og hugsanlega aðkomu félagsins að verkefninu. Bent er á að frestur til þess að skila umsóknum til Vaxtarsamningsins rennur út 11. apríl sem er stuttu eftir áætlaðan fundartíma, betra hefði verið að fundartíminn hefði verið fyrir í almanaksárinu. Framvegis verði hugsað fyrir því að svæðisfundir verði fyrir að vetrinum. Hulda fór yfir hvaða tækifæri hugsanlega felast í fræðandi ferðamennsku þar sem meginþemað er Vatnajökulspjóðgarður. Klasasamstarf með þjóðgarðinum er ein leið til þess að miðla þekkingunni til hinna ýmsu ferðaðjónustuaðila á svæðinu. Á fyrirhuguðum fundum mun þjóðgarðurinn kynna þau tækifæri sem menning og náttúrufar svæðisins bjóða ferðaðjónustuaðilum og almennum ferðamönnum uppá. Hulda mun kynna hugsanlega aðkomu APS.

Drög að dagskrá svæðisfundar rædd:

- Innihald verndaráætlunarinnar, starfsemin 2010 og 2011
- Kynning frá APS
- Hvaða atvinnuöguleika skapar þjóðgarðurinn – kynntur hugmyndabæklingur, formanni svæðisráðsins, falið að stýra vinnu við að setja saman bæklinginn í

samráði við Þjóðgarðsvörð og Huldu, fulltrúa í AÐS. Rætt um að virkja líka formenn atvinnumálanefnda sveitarfélaganna.

- Rætt um að fá kynningu á ”góðum klasa” og ”Vinum Vatnajökuls”
- Skoðanakönnun verði dreift á fundinum um forgangsröðun verkefna á vegum þjóðgarðsins.

6. Önnur mál

a) Vegir og slóðar yfirfarnir

Snorra og Ingibjörgu falið að vinna saman að undirbúningi á útgáfu að korti leiðalýsingum yfir vegi og slóða á Tungnáröræfum og tillögum að merkingum og stikun.

b) Næsti fundur

Tillaga um að næsti fundur verði haldinn 9. eða 16. febrúar á Kirkjubæjarklaustri og þá með stjórn þjóðgarðsins.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið klukkan 18:30.